

Fundargerð 555

Fimmtudaginn 27. nóvember 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Arnar Þór Sævarsson (APS) varamaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Margrét Sanders boðaði forföll og sat varamaður hennar fundinn í hennar stað.

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 4a), Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Kári Ólafsson (KÓ) frá BBA Fjeldco (við dagskrárlið 4b), Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 6), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:36 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2026 - til umræðu
2. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
4. Hæfismat stjórnar - til kynningar
 - a. Kynning á þáttum úr starfsemi stofnunarinnar í samræmi við hæfismat stjórnar
 - b. Kynning á hlutverki og ábyrgð stjórnarmanna fjármálafyrirtækis
5. Umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp - til kynningar
6. Ársskýrsla Aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2026 - til umræðu

Fyrir fundinum liggja drög að starfs- og rekstraráætlun ársins 2026 sem AME kynnti.

Verður endanleg rekstrar- og starfsáætlun vegna ársins 2026 lögð fyrir stjórn til samþykktar á fundi stjórnar 11. desember nk.

Til máls tók SRH.

2. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 37/25-42/25 sem HP reifaði.

Enginn tók til máls.

b. Málskot til stjórnar

...

3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. október 2025 sem SEÞ, MH, AME og HP kynntu. Upplýsti AME um stöðu óskar stofnunarinnar um aukna lántökuheimild. HP upplýsti um stöðu á viðræðum við EIF vegna InvestEU ábyrgðarkerfisins.

Rætt var um stöðu atvinnuráðgjafar og viðkvæmra byggðarlaga og minnkandi fjármagn.

Til máls tók HB, VÞÁ, SRH, HÓ,

Ýmis teikn eru á lofti um versnandi stöðu í landsbyggðunum. Má þar nefna væntan aukinn kostnað á notkun jarðefnaeldsneytisökutækja í formi hækkunar vörugjalda og kílómetragjalds, hækkun á veiðigjöldum, fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi 5,3% byggðakvótakerfis, sameining sýslumannsembætta og frumvarp um jöfnun atkvæða. Á sama tíma hafa framlög til byggðamála í fjárlagafrumvarpi lækkað um 174 m.kr. eða 12% að nafnvirði frá seinasta fjárlagafrumvarpi auk þess sem að í fjárlagafrumvarpi er ekki að finna auknar lántökuheimildir til stofnunarinnar til þess að mæta aukinni eftirspurn í lán.

Stjórn Byggðastofnunar leggur áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld bregðist við með mótvægisáðgerðum auk þess sem að styrktir verði innviðir nýsköpunar í landsbyggðunum, meðal annars með eflingu og þróun aðferðafræði sóknaráætlana, auknum stuðningi við atvinnuráðgjöf og áframhaldandi uppbyggingu verkefna um brothættar byggðir. Þá er brýnt að stjórnsýsla sé einföld, skýr og skilvirk og gangi í takt.

Stjórn felur forstjóra að ræða þessa stöðu við innviðaráðherra.

4. Hæfismat stjórnar - til kynningar

a. Kynning á þáttum úr starfsemi stofnunarinnar í samræmi við hæfismat stjórnar - til kynningar

EHÞ tengdist fundinum undir þessum dagskrárlið.

MH og EHÞ kynntu þau atriði fyrir stjórn sem óskað var eftir kynningu á á fundi stjórnar í október og komu upp eftir hæfismat stjórnar.

Enginn tók til máls.

EHÞ vék af fundi.

Formaður gerði hlé á fundi milli kl. 11:50 og 12:15

b. Kynning á hlutverki og ábyrgð stjórnarmanna fjármálafyrirtækis - til kynningar

KÓ tengdist fundinum undir þessum dagskrárlið og kynnti fyrir stjórn hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

Til máls tóku HI, SRH og VÞÁ.

HÓ og KÓ viku af fundi.

5. Umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað Byggðastofnunar til fjárlaganefndar með umsögn stofnunarinnar á fjárlagafrumvarpi 2026 sem AME og SEÞ kynntu.

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 segir í 4. mgr. 14. gr. „*Innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarpsins skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðapróun í landinu.*“ Í álit meirihluta fjárlaganefndar með frumvarpinu á sínum tíma sagði: „*Í þessu felst m.a. að í umsögn Byggðastofnunar skuli fjallað um hvernig stefna hvers ráðherra skv. 20. gr. frumvarpsins, fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á, samræmist byggðaáætlun og sóknaráætlunum landshluta sem fram koma í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun.*“

Byggðaáætlun, sem unnin var í breiðu samráði og afgreidd einróma af Alþingi, gefur ágætt yfirlit yfir þau verkefni sem brýnast þykir að vinna að til að styðja við byggð í landinu. Fram kemur í umsögninni að flestar áherslur byggðaáætlunar ávarpaðar sem helstu verkefni undir einu eða fleiri markmiðum á einn eða fleiri málaflokka í frumvarpinu. Það bendir til þess að í flestum tilfellum styðji fjárlagafrumvarpið við þær aðgerðir sem tilgreindar eru í byggðaáætlun. Á þessu eru þó undantekningar sem raktar eru í umsögninni.

Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að ná auknum tekjum með kílómetragjaldi. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif það kemur til með að hafa á kostnað vegna vörudreifingar og flutnings framleiðsluvara eða á þjónustusókn íbúa.

Lækkun framlaga til byggðamála er upp á 174 m.kr. að nafnvirði, sem að stærstum hluta er vegna lækkunar á framlögum til sóknaráætlana landshluta og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni, sem fellur ekki vel að meginmarkmiðum byggðaáætlunar.

Útlánastarfsemi Byggðastofnunar hefur vaxið hratt á undanförunum misserum og styður við það meginmarkmið byggðaáætlunar að jafna tækifæri til atvinnu. Byggðastofnun fer fram á að lántökuheimild ársins í ár verði hækkuð úr 5 ma.kr. í 8 ma.kr. og að lántökuheimild fyrir árið 2026 verði jafnframt 8. ma. kr.

Unnið hefur verið að því undanfarin ár að virkja heimild í lögum um Menntasjóð námsmanna um sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum, til að bæta mönnun á ákveðnum heilbrigðisstofnunum á minni stöðum. Skilyrði fyrir ívilnuninni er að Menntasjóðurinn fái sér merкта fjárveitingu vegna þess. Ekki er að sjá að hana sé að finna í fjárlagafrumvarpinu þegar skoðaðar eru tilgreindar breytingar á málaflokki 21.30 hvar Menntasjóðurinn fellur undir.

Til máls tóku HB, HGÓ og SRH.

6. Ársskýrsla aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar

PF og RR tengdust fundinum undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur greinargerð um framkvæmd samninga um aflamark Byggðastofnunar fyrir fiskveiðiárið 2024/2025 sem PF og RR kynntu.

Auk þess liggja fyrir fundinum minnisblöð tengd breytingum á svokölluðu byggðapottakerfi. Annars vegar um mat á hugsanlegum byggðaáhrifum ef til þess kemur að almennur byggðakvóti, línuívilnun og rækju- og skelbætur yrðu skertar eða aflagðar

gagnvart samningsaðilum um aflamark Byggðastofnunar og hins vegar um mat á hugsanlegum mótvægisaðgerðum í því formi að Byggðastofnun fái heimildir á mótí skerðingu í línuívilnun, almennum byggðakvóta og rækju-og skelbótum vegna þeirra staða sem eru með samning um aflamark Byggðastofnunar.

APS vék af fundi.

Til máls tóku HGÓ, VPÁ, AME, SEP, SRH og HB.

Ofangreind greinargerð verður uppfærð með upplýsingum um úthlutanir á skip og hvernig þær skila sér til vinnslu. Auk þess verði umfjöllun um skiptingu í tegundir í vinnslunum.

PF og RR viku af fundi.

Stjórn felur forstjóra að ræða innan aflamarksnefndar þær umræður sem urðu um verkefnið á fundinum.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

8. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 11. desember 2025 og er fjarfundur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 14:53

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Arnar Þór Sævarsson
Heiða Ingimarsdóttir
Steindór R. Haraldsson

Haraldur Benediktsson
Heiðbrá Ólafsdóttir
Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson